

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029

Athugasemdir Skipulagsstofnunar, dags. 6. desember 2019, og viðbrögð sveitarstjórnar

Efnislegar athugasemdir Skipulagsstofnunar	Svör/viðbrögð sveitarstjórnar
<p>Vantar afrit af athugasemd Landsvirkjunar, Sigurðar Unnars Sigurðssonar og Gunnars Arnar Marteinsonar – Kari Thorkildsen.</p>	<p>Skipulagsfulltrúi mun senda umsagnirnar til Skipulagsstofnunar.</p>
<p>Gera þarf skýrari grein fyrir stefnu um virkjanir sem eru í biðflokki. Skilgreina þarf varúðarsvæði sem nær yfir fyrirhugað virkjunarsvæði og setja skipulagsákvæði um þær takmarkanir sem gilda um framkvæmdir sbr. 5. gr laga um verndar og orkunýtingar-áætlun.</p>	<p>Varúðarsvæði eru afmörkuð fyrir allar virkjanir sem eru í biðflokki. Í greinargerð kemur fram að sveitarstjórn vill að Vörðufellsvirkjun og Hestvatnsvirkjun verði færðar í verndarflokk.</p> <p>Sveitarfélagið tekur afstöðu til Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar þegar nánari upplýsingar um áhrif þeirra liggja fyrir.</p>
<p>Ef sveitarfélagið gerir ráð fyrir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun þarf sú stefna að endurspeglast bæði sem stefna í greinargerð og sem landnotkun á uppdrætti með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um flokkun virkjunarkostsins í rammaáætlun, þegar þar að kemur.</p> <p>Ef mörkuð er stefna um iðnaðarsvæði fyrir virkjun þarf jafnframt að sýna hvar fyrirhugaðar stíflur eru og afmarka fyrirhuguð lón. Ekki á við að merkja fyrirhuguð lón til skýringar nema þar sem þau eru utan marka sveitafélagsins, eins og Hvammsvirkjun. Gera þarf grein fyrir áhrifum virkjananna á umhverfið.</p> <p>Ef sveitarfélagið tekur ekki afstöðu til virkjunarkostanna að svo stöddu getur umfjöllunin staðið óbreytt en þá á ekki við að sýna lón, efnistöku og annað sem tengist virkjanafkvæmdum á skipulagsuppdráttum undir afmörkun varúðarsvæðis.</p>	<p>Varúðarsvæði verða áfram sýnd á uppdrætti yfir virkjanakosti í biðflokki. Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun eru í gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í nýlega samþykktu aðalskipulagi Flóahrepps er lón Urriðafossvirkjunar sýnt til skýringar og einnig í aðalskipulagi Ásahrepps. Í nýlega samþykktu aðalskipulagi Rangárþings ytra eru lón Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar sýnd til skýringar. Til að gæta samræmis við aðalskipulög nágrannasveitarfélaganna eru lónin, efnistöku- og haugsvæði sýnd til skýringar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þar sem líkleg afmörkun lónanna liggur fyrir ásamt staðsetningu efnistöku- og haugsvæða þykir sveitarfélaginu eðlilegt að sýna það til skýringar á skipulagsuppdrætti, jafnvel þó framkvæmdasvæðið sé skilgreint sem varúðarsvæði.</p> <p>Sveitarstjórn tekur að svo stöddu ekki afstöðu til virkjananna, enda liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar um áhrif þeirra.</p> <p>Í greinargerð og umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir áhrifum Hvammsvirkjunar á umhverfið.</p>
<p>Skýra þarf hvers vegna talin er þörf á að stækka efnistökusvæðið E1 úr 50 í 100 ha, lýsa staðháttum eða umhverfisaðstæðum og leggja mat á áhrif stækkunarinnar á umhverfið.</p>	<p>Hætt verður við stækkun efnistökusvæðisins á þessu stigi og það minnkað aftur í 50 ha. Urriðafossvirkjun er í biðflokki og skilgreind sem varúðarsvæði. Verði virkjunin færð í</p>

Skoða hvort slík breyting eftir auglýsingu sé það veruleg að fara þurfi með hana sem sérstaka breytingu á aðalskipulagi.	nýtingarflokk þarf að breyta aðalskipulagi og setja virkjunina á aðalskipulag og verður þá stærð og afmörkun efnistökusvæðisins skoðuð samhliða.
Samræma þarf upplýsingar um uppsett afl Búrfellsvirkjunar í greinargerð. Gera þarf grein fyrir fyrirhuguðum stækkunarmöguleikum og hvað átt sé við með því að svæðið sé tvískipt.	Umfjöllunin er í samræmi við ábendingar Landsvirkjunar um stærð virkjunarinnar. Bætt verður í umfjöllun um iðnaðarsvæðið I17 að heimilt sé að stækka virkjunina um 40 MW. Svæðið er í tvennu lagi. Annars vegar er svæði fyrir aðrennslisgöng, stöðvarhús og frárennslis og hins vegar svæði fyrir ísskolunarmannvirki og lokuvirki norðaustan Bjarnarlóns. Gerð verður grein fyrir þessu í greinargerð.
Vindmyllur á Hafinu. Ef það er stefna sveitarfélagsins að svæðið verði óbreytt þarf það að koma skýrar fram t.d. með ákvæði um hæð vindrafstöðva eða annað sem endurspeglar núverandi stærð eða framleiðslugetu þeirra. Er heimilt að skipta út núverandi vindrafstöðvum fyrir hærri eða jafnvel fjölga þeim?	Í umfjöllun um iðnaðarsvæðið I19 verður bætt við eftirfarandi texta: „Vindmyllurnar framleiða hvor um sig um 900 kW og er raforkuframleiðsla þeirra áætluð um 5,4 GWst á ári. Turn vindmyllanna er 55 m hár og er heildarhæð vindmylla með spaða í efstu stöðu 77 m. Heimilt er að vera með tvær vindrafstöðvar á svæðinu. Heimilt er að skipta út núverandi vindrafstöðvum fyrir aðrar jafn háar. Uppsett rafafl getur samtals verið allt að 1,9 MW“.
Skv. jarðalögum þarf umsögn landbúnaðarráðherra um skipulagsáætlunina að liggja fyrir sbr. 6. gr. jarðalaga.	Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.
Flokkar þarf vegi í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018. Gera grein fyrir flokkuninni á korti og í greinargerð. Hafa þarf samráð við umsagnaraðila sem tilgreindir eru í reglugerðinni. Vegaskráin þarf að fylgja með skipulagsgögnum til staðfestingar og senda þarf stofnuninni rafræna skrá. Vegir í byggð verði skráðir með sama hætti á skipulagstímanum.	Reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018 var staðfest í byrjun árs 2018. Þá var vinna við aðalskipulagið komin vel á veg og því var ákveðið að vinna við flokkun vega færi fram á gildistíma aðalskipulagsins, eins og kemur fram í greinargerð. Vegna athugasemda Skipulagsstofnunar í des. 2019 var ákveðið að flokka vegi innan þjóðlendur og senda til umsagnar þeirra umsagnaraðila sem tilgreindir eru í reglugerðinni. Vegir innan Þjórsárvera eru flokkaðir í samræmi við friðlýsingarskilmála.
Laga þarf misræmi um stærð samfelldra skógræktarsvæða sem þarf að afmarka sem landgræðslu- og skógræktarsvæði.	Afmarka skal svæði sem eru 10 ha eða stærri sem skógræktarsvæði. Verður lagfært í greinargerð.
Línutákn fyrir svæði undir náttúruvá eru rauð lína og því er óheppilegt að línutákn fyrir jarðamörk séu sami litur og línubreidd.	Á skipulagsuppdrætti eru jarðamörk sýnd sem mjó vínrauð lína en náttúruvá er sýnd sem þykk rauð lína. Ekki er tekið undir að þetta sé óskýrt.